

Fimmtudaginn 13. febrúar 1997.

Nr. 177/1996.

Íslandsbanki hf.

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Sigurði Inga Ingólfssyni

Jónu Berg Andrésdóttur og

Andreu Ingu Sigurðardóttur

(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.,

Brynjar Níelsson hdl.) **og**

protabú Auðuns hf.

(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.,

Brynjar Níelsson hdl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Skaðabótamál. Nauðungarsala. Fiskveiðiheimildir. Skip.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Håraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1996. Hann krefst þess, að stefndu greiði in solidum með þrotabúi Auðuns hf. 9.520.483,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu var áfrýjað af hálfu þrotabús Auðuns hf. með stefnu 17. maí 1996 og þess krafist, að þrotabúið yrði sýknað af öllum kröfum Íslandsbanka í héraði. Þá var krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Íslandsbanka hf. var krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er þrotabúið varðaði, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sakir þessar voru sameinaðar við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti 10. febrúar sl.

I.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Aðila greinir á um það, hvort aflahlutdeild Drangavíkur, VE-555, hafi við nauðungarsölu skipsins 28. júlí 1994 flust yfir til Íslandsbanka hf., en með bréfi sýslumannsins í Vestmannaeyjum 15. ágúst sama ár var bankanum tilkynnt, að boði hans hefði verið tekið. Þá er um það deilt, hvort forsvarsmönnum Auðuns hf. hafi verið heimilt að ráðstafa hluta þess aflamarks, sem skipinu var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995, á meðan þeir leituðu til dómstóla til að fá nauðungarsölnunni hrundið. Fyrirsvarsmennirnir báru gildi nauðungarsölnunnar undir Héraðsdóm Suðurlands með tilkynningu 10. ágúst 1994, sem móttekin var þar 18. sama mánaðar. Hinn 23. september 1994 kvað héraðsdómurinn upp þann úrskurð, að bankinn ætti ekki rétt á umráðum skipsins, meðan ágreiningur um gildi nauðungarsölnunnar væri ekki til lykta leiddur. Með tilvísun til þess úrskurðar hafnaði sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum 28. sama mánaðar kröfu bankans um, að lögbann yrði lagt við ráðstöfunum fyrirsvarsmanna Auðuns hf. á aflamarki skipsins. Var sú ákvörðun ekki borin undir dómstóla. Héraðsdómur Suðurlands ógilti síðan nauðungarsölnuna með úrskurði 14. október 1994 vegna annmarka, sem hann taldi hafa verið á auglýsingu hennar í Lögbirtingablaði. Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi með dómi 17. nóvember sama ár. Í kjölfar þess dóms gaf sýslumaður út afsal til handa bankanum 22. sama mánaðar, og tók þá bankinn við umráðum skipsins.

Skaðabótakrafa Íslandsbanka hf. í máli þessu er reist á því, að stefndu stjórnarmönnum Auðuns hf. hafi mátt vera það ljóst, að ráðstafanir á aflamarki skipsins, eftir að það hafði verið selt nauðungarsölu, væru óheimilar og brytu gegn hagsmunum bankans. Bótakrafan er miðuð við mismun úthlutaðs aflamarks Drangavíkur fiskveiðiárið 1994/1995 og aflamarksstöðu við afhendingu skipsins 22. nóvember 1994.

II.

Um nytjastofna fisks á Íslandsmiðum, heildarafla, úthlutun hans og yfirfærslu gilda lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Í 1. gr. laganna kemur fram, að nytjastofnarnir eru sameign íslensku þjóðarinnar, enn fremur, að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögnum

myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Úthlutunin hefur engu að síður skapað verðmæti í hendi þess, sem hennar hefur notið. Réttindi til þeirra verðmæta eru hins vegar takmörkuð af ákvæðum þessara laga og aðgerðum stjórnvalda, sem teknar eru samkvæmt þeim. Af öðrum sviðum réttarins verða ekki beinar ályktanir dregnar um þessi réttindi, svo sérstök sem þau eru.

Í 3. gr. laga nr. 38/1990 eru ákvæði um, að sjávarútvegsráðherra skuli ákveða með reglugerð þann heildarafla, sem veiða má á ákveðnu tímabili úr einstökum nytjastofnum, ef nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar úr þeim. Í 7. gr. laganna segir, að veiðiheimildum skuli úthlutað til einstakra skipa. Skuli hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla fisktegundar. Nefnist hún aflahlutdeild skips, og á hún að haldast óbreytt milli ára. Þá segir þar, að aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ráðist af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla með ákveðnum nánar greindum takmörkunum. Á Fiskistofa að senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laganna fylgir aflahlutdeild skipi við eigendaskipti, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé nánar tilgreindum ákvæðum laganna fullnægt. Í 6. mgr. 11. gr. eru heimildir til að framselja hlutdeildina til annars skips. Samkvæmt 12. gr. er heimilað að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa, sem gerð eru út frá sömu verstöð. Eftir 2. mgr. 12. gr. skal tilkynna Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa, og öðlast hann ekki gildi, fyrr en hún hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn. Annar flutningur aflamarks er óheimill nema með samþykki Fiskistofu að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

III.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum laganna um stjórn fiskveiða er aflahlutdeild bundin við skip og yfirfærast aðeins frá einu skipi til annars að fullnægðum skilyrðum laganna. Fallast ber því á það með héraðsdómi, að aflahlutdeild Drangavíkur, VE-555, hafi

átt að fylgja skipinu við nauðungarsöluna, enda var þar ekki gerð á önnur skipan.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu átti Íslandsbanki hf. sem kaupandi skipsins að njóta réttar til umráða yfir því og þá einnig aflahlutdeildinni, frá því að honum var tilkynnt um, að boð hans væri samþykkt. Í 3. mgr. 55. gr. segir hins vegar: „Nú hefur gildi nauðungarsölu verið borið undir dóm eftir ákvæðum XIV. kafla, áður en kaupandi tekur við umráðum eignarinnar, og getur þá gerðarþoli krafist þess, að leyst verði úr því með úrskurði undir rekstri þess máls, hvort honum eða öðrum umráðamanni verði vikið af eigninni, fyrr en lyktir þess eru fengnar.“ Svo sem að framan greinir, úrskurðaði Héraðsdómur Suðurlands 23. september 1994 að kröfu gerðarþola, að hann þyrfti ekki að láta af umráðum skipsins, og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafnaði því 28. sama mánaðar, að lögbann yrði lagt við siglingu, veiðum og flutningi aflamarks af skipinu, með vísun til þess. Héraðsdómurinn ógilti síðan nauðungarsöluna 14. október sama ár. Bankinn fékk þannig ekki umráð skipsins fyrr en 22. nóvember, eftir að Hæstiréttur hafði breytt úrskurði héraðsdóms og viðurkennt gildi nauðungarsölnnar.

Íslandsbanki hf. óskaði þess við Fiskistofu 20. október 1994, að hún hafnaði fram komnum umsóknum Auðuns hf. um staðfestingu á flutningi aflamarks frá Drangavík, VE-555. Þessu erindi hafnaði stofnunin 26. október með tilvísun til þess, að félagið væri eigandi skipsins samkvæmt þinglýstu afsali og hefði vörslur þess. Kom fram í bréfi stofnunarinnar hér um, að hún teldi flutning aflamarks þess, sem um ræddi, eðlilegan miðað við útgerðarhætti skipsins og að hann raskaði ekki réttarstöðu bankans umfram það, sem leiddi af vörslum félagsins. Íslandsbanki hf. skaut þessari ákvörðun Fiskistofu til sjávarútvegsráðuneytisins 27. október. Í úrskurði ráðuneytisins 4. nóvember 1994 var til þess vitnað, að bankanum hefði ekki tekist að fá atbeina sýslumanns eða dómstóla til að fá vörslur skipsins eða koma í veg fyrir, að Auðunn hf. gerði skipið út, meðan leyst væri úr ágreiningi um gildi nauðungarsölnnar og héraðsdómur hefði felld nauðungarsöluna úr gildi. Síðan sagði: „Pegar litid er til ofangreinds, verður að telja, að Auðunn hf. hafi heimild

til að gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til eðlilegs reksturs skipsins, þ. á m. að flytja aflamark af skipinu, enda sé umræddur flutningur eðlilegur miðað við útgerðarhætti skipsins. Sá flutningur, sem hér um ræðir, er liður í eðlilegri aðlögun aflaheimilda að fyrirhugaðri útgerð skipsins og raskar ekki til frambúðar verðmæti þeirra aflaheimilda, sem skipinu fylgja.“ Ráðuneytið hafnaði síðan á þessum grunni erindi bankans.

Fiskistofa hafði léð atbeina sinn til þess, að aflamark yrði flutt af og til Drangavíkur, VE-555, svo sem lög um stjórn fiskveiða bjóða og rakið er hér að framan, meðan mál um ágreining aðila var rekið fyrir dómstólum. Sjávarútvegsráðuneytið hafði sem æðra stjórnvald lagt blessun sína yfir þær aðgerðir. Þegar til þess er litið, að hér- aðsdómur hafði með stoð í 3. mgr. 55. gr. laga um nauðungarsölu hafnað rétti Íslandsbanka hf. til umráða yfir skipinu, verður við það að miða, að þau hafi ekki flust yfir til bankans fyrr en með afhendingu skipsins 22. nóvember 1994. Telja verður, að stjórnendur Auðuns hf. hafi mátt gera allar þær ráðstafanir, sem eðlilegar máttu teljast um útgerð skipsins, meðan þeir höfðu umráð þess. Ráðstafanir þeirra rýrðu ekki aflahlutdeild skipsins til frambúðar. Rétt stjórnvöld hafa metið ráðstafanir þeirra varðandi aflamark skipsins eðlilegar, og hefur það mat ekki verið hrakið. Ber því að sýkna þrotabú Auðuns hf. af öllum kröfum Íslandsbanka hf. í máli þessu.

Fallist er á það með héraðsdómi, að ósannað sé, að stjórnendur félagsins hafi mátt gera sér grein fyrir því fyrr en eftir dóm Hæstaréttar 17. nóvember 1994, að félagið átti ekki fyrir skuldum. Þá er ósannað, að skipið hafi ekki verið gert út fyrir reikning félagsins á því tímabili, sem hér skiptir máli. Af þessu leiðir, að staðfesta ber héraðsdóm um sýknu þeirra.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms, að því er varðar stefndu, Sigurð Inga Ingólfsson, Jónu Berg Andrésdóttur og Andreu Ingu Sigurðardóttur, skal vera óröskuð.

Áfrýjandi, þrotabú Auðuns hf., skal sýkn af kröfum stefnda, Íslandsbanka hf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 19. febrúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 5. apríl 1995, af Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík, á hendur Auðuni hf., kt. 621276-0779, Norðurhöfn, Sigurði Inga Ingólfssyni, kt. 280145-3949, Höfðavegi 18, Jónu Berg Andrésdóttur, kt. 050147-4799, Höfðavegi 18, og Andreu Ingu Sigurðardóttur, kt. 300965-5559, Hrauntúni 26, öllum í Vestmannaeyjum.

Bú Auðuns hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði dómsins, upp kveðnum 25. ágúst 1995. Tók þrotabú félagsins við málsaðild í þinghaldi 11. september 1995, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 9.520.483,50 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Málsaðilar gera um það sérstaka kröfu, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

I.

Hinn 28. júlí 1994 fór fram hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum nauðungarsala á vélskipinu Drangavík, VE-555, þinglýstri eign Auðuns hf. Átti stefnandi næsthæsta boð í skipið, og ákvað sýslumaður að taka því, þar sem hæstbjóðandi hafði ekki náð að standa við boð sitt. Var boð stefnanda formlega samþykkt af sýslumanni með bréfi 15. ágúst 1994.

Með bréfi til héraðsdóms, sem barst dóminum 18. ágúst 1994, leitaði Auðunn hf. úrlausnar dómsins um gildi framangreindrar nauðungarsölu eftir XIV. kafla laga nr. 90/1991. Var þess jafnframt krafist af hálfu félagsins, að leyst yrði úr því, hver skyldi hafa með höndum umráð skipsins, á meðan mál um gildi nauðungarsölnunnar væri rekið fyrir dómstólum, sbr. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991. Voru umráðin á þessum tíma í höndum Auðuns hf., en stefnandi hafði þá farið fram á það, að skipið yrði afhent honum. Fé-

lagið varð hins vegar ekki við þeirri málaleitan stefnanda og hélt áfram að gera skipið út.

Hinn 16. september 1994 fór stefnandi fram á það við sýslumanninn í Vestmannaeyjum, að lögbann yrði lagt við siglingu og veiðum skipsins svo og flutningi á aflaheimildum frá því. Lá þá fyrir hjá Fiskistofu umsókn frá Auðuni hf. um staðfestingu á flutningi aflamarks í síld frá Drangavík til Heimaeyjar, VE-1. Um var að ræða 1330 tonn af 1442 tonna aflamarki Drangavíkur.

Hinn 23. september 1994 kvað héraðsdómur upp úrskurð, þar sem tekin var til greina sú krafa Auðuns hf., að stefnandi ætti ekki rétt til umráða yfir skipinu, á meðan ágreiningi um gildi nauðungarsölnnar frá 28. júlí hefði ekki verið ráðið til lykta. Í ljósi þess úrskurðar hafnaði sýslumaður lögbannsbeiðni stefnanda. Þeirri ákvörðun sýslumanns var ekki skotið til héraðsdóms. Þá staðfesti Fiskistofa 26. október 1994 þann flutning á aflamarki í síld, sem að framan greinir, svo og flutning á 5798 kg af humri til Friggjar, VE, samkvæmt umsókn Auðuns hf. 19. október 1994.

Með úrskurði héraðsdóms, upp kveðnum 14. október 1994, var sú nauðungarsala, er hér um ræðir, ógilt sökum annmarka, sem dómurinn taldi hafa verið á auglýsingu um hana í Lögbirtingablaði. Sá úrskurður var hins vegar felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar Íslands 17. nóvember 1994 og krafa stefnanda um viðurkenningu á gildi nauðungarsölnnar tekin til greina. Í kjölfar dóms Hæstaréttar gaf sýslumaður út afsal til stefnanda fyrir skipinu, og tók stefnandi við umráðum þess 22. nóvember 1994.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu skaðabóta vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir sökum þess, að vélskipinu Drangavík hafi verið haldið til veiða eftir nauðungarsölu á því og aflaheimildum þess, svo og vegna annarra ráðstafana á veiðiheimildum skipsins eftir sölnu. Heldur stefnandi því fram, að stefndu beri óskipta bótaábyrgð gagnvart honum vegna þess ætlaða tjóns hans, sem hér um ræðir.

Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár, sem liggur frammi í málinu, var stefndi Sigurður Ingi formaður stjórnar Auðuns hf. og prókúruhafi á þeim tíma, sem hér um ræðir. Eiginkona hans, stefnda Jóna Berg, og dóttir þeirra, stefnda Andrea Inga, sátu á sama tíma í stjórn félagsins sem meðstjórnendur.

II.

Stefnandi grundvallar bótakröfu sína á því, að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða fylgi aflahlutdeild skips við eigendaskipti á því. Aflahlutdeild vélskipsins Drangavíkur, VE-555, hafi þannig flust yfir til stefnanda við kaup hans á skipinu 28. júlí 1994. Þá hafi aflamark

skipsins fyrir fiskveiðiárið 1994/1995, sem ekki lá fyrir við nauðungarsöluna, verið innifalið í aflahlutdeildinni. Telur stefnandi, að líta verði á aflahlutdeild skips og aflamark á grundvelli hennar sem óbein eignarréttindi og öðrum en honum hafi ekki verið heimilt eftir nauðungarsöluna að ráðstafa þeim réttindum. Sú háttsemi fyrirvarsmanna Auðuns hf. að halda skipinu til veiða eftir sölu þess á nauðungaruppboði og ganga með því á aflaheimildir þess feli þannig í sér beina skerðingu á réttindum þeim, sem stefnandi hafi samkvæmt framansögðu öðlast með kaupum sínum á skipinu. Hið sama gildi um annars konar ráðstöfun á aflamarki skipsins. Sé stefnanda ekki skylt að sæta bóotalaust þeirri skerðingu aflamarks, sem hér um ræðir, og beri stefndu óskipta bótaábyrgð gagnvart honum vegna þess tjóns, sem hann hafi orðið fyrir af þessum sökum. Vísar stefnandi þessu til studnings til 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 90/1991 og 2. gr. þeirra uppboðsskilmála, sem giltu við greinda nauðungarsölu, en eftir ákvæðum þessum sé við það miðað, að eign sé seld svo farin sem hún er, þegar uppboði lýkur.

Við útreikning á fjárhæð bótakröfu sinnar leggur stefnandi til grundvallar mismun á úthlutaðu aflamarki vélskipsins Drangavíkur á fiskveiðiarinu 1994/1995, en það hófst 1. september 1994, og aflamarksstöðu við afhendingu skipsins 22. nóvember 1994. Í stefnu er tölulegur grundvöllur málsins að þessu leyti útlistaður með eftirfarandi hætti:

Úthlutað aflamark fyrir fiskveiðaárið 1. sept. 1994 til 31. ágúst 1995:	Staða aflamarks, þegar skipið var afhent stefn- anda 22. nóvember 1994:
Porskur 95.263 kg	61.327 kg
Ýsa 50.203 kg	25.650 kg
Ufsi 46.285 kg	39.655 kg
Karfi 5.353 kg (-313 kg)	-106.405 kg
Skarkoli 16.681 kg	19.132 kg
Humar 23.085 kg	17.085 kg
Síld 1.442 tonn	112 tonn

Mismun samkvæmt framansögðu hefur stefnandi síðan margfaldað með fjárhæð, sem samsvarar kílóverði á leigukvóta hvernar tegundar samkvæmt upplýsingum frá kvótamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna. Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir þessum útreikningi:

33.936 kg af þorski	70 kr. pr. kg = kr. 2.375.520
111.445 kg af karfa	15 kr. pr. kg = kr. 1.671.675
24.553 kg af ýsu	7 kr. pr. kg = kr. 171.871

6.630 kg af ufsa	7 kr. pr. kg = kr.	46.410
6.000 kg af humri	300 kr. pr. kg = kr.	1.800.000
1330 tonn af síld	2,63 kr. pr. kg = kr.	3.497.900
		<hr/>
	Samtals kr.	9.563.376
		<hr/>

Á móti kemur, að aukið hafði verið við aflamark í skarkola, sem nam 2451 kg. Nemur verðmæti þeirrar aukningar að mati stefnanda 42.892,50 krónum. Sætir bótakrafan lækkun um þá fjárhæð. Nemur stefnuþjárhæð málsins því 9.520.483,50 krónum (9.563.376 – 42.892,50).

Stefnandi tekur fram, að því er varðar þá verðviðmiðun, sem hann notar við útreikning bótakröfu sinnar, að um sé að ræða meðalverð á leigukvóta, eins og það er á hverju tíma. Hafi þá verið tekið mið af verði aflahlutdeildar (varanlegs veiðikvóta) annars vegar og aflamarks hins vegar. Við aðra viðmiðun sé vart að styðjast í þessum efnum, enda sé hún almennt notuð í viðskiptum á milli útgerða. Við útreikning á ætluðu tjóni stefnanda samkvæmt framansögðu sé hins vegar farið varlega í sakirnar og jafnan miðað við verð í lægri kantinum.

III.

Bótakröfu sína á hendur þrotabúi Auðuns hf. reisir stefnandi í fyrsta lagi á almennu skaðabótareglunni. Telur hann, að eftir lok uppboðsins 28. júlí 1994 hafi uppboðspola verið óheimilt að halda skipinu til veiða eða skerða aflamark þess með öðrum hætti. Má um þessa málsástæðu og bótaábyrgð stefnda á grundvelli hennar vísa til umfjöllunar í kafla II hér að framan.

Í annan stað styður stefnandi skaðabótaskyldu þrotabúsins því, að hættan á því, að hið selda skip myndi farast af tilviljun, skemmast eða rýrna, hafi algerlega verið á ábyrgð Auðuns hf., allt þar til skipið hafi verið afhent stefnanda 22. nóvember 1994. Tiltekur stefnandi í þessu sambandi, að samkvæmt 8. gr. þeirra uppboðsskilmála, sem gilt hefðu við uppboðið, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. nauðungarsölulaga, skyldi áhætta samkvæmt framansögðu flytjast yfir til kaupanda við samþykki boðs, og frá sama tíma ætti hann rétt til umráða yfir hinu selda. Umráðatöku hans hafi hins vegar verið slegið á frest með úrskurði héraðsdóms, sbr. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991. Hið sama hljóti undir slíkum kringumstæðum og eðli máls samkvæmt að gilda um flutning áhættunnar. Áhættan af því, að hið selda skip, þar með taldar aflaheimildir þess, myndu skemmast eða rýrna, hafi þannig ekki flust til stefnanda, fyrr en skipið var afhent honum, en fram til þess tíma verið á ábyrgð uppboðspola. Fyrir liggir og svo sem þegar hefur verið tilgreint, að uppboðsandlagið, vélskipið Drangavík, hafi rýrnað á þeim tíma, sem hér um ræðir. Sé sú rýrnun með vísan til framangreinds á ábyrgð Auðuns hf.,

og beri félagið fébótaábyrð gagnvart stefnanda samkvæmt reglum skaðabótaréttar og þá meðal annars á grundvelli réttarreglna um hlutlæga ábyrgð.

Að því er varðar persónulega bótaábyrgð stjórnarmanna Auðuns hf., stefndu Sigurðar Inga, Jónu Berg og Andreu Ingu, vísar stefnandi til eftirfarandi málsástæðna:

Í fyrsta lagi tiltekur stefnandi, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi verið skylt eftir 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. að gefa bú Auðuns hf. upp til gjaldþrotaskipta. Þar sem það hafi ekki verið gert, hafi framhald á rekstri félagsins verið á ábyrgð stjórnarmannanna sjálfra, og beri þeir á þeim grunni óskipta bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Eru í stefnu rakin atriði, sem stefnandi telur renna stoðum undir þá staðhæfingu hans, að við sölu Drangavíkur á nauðungaruppboði og jafnvel áður en til hennar kom, hafi fjárhagsleg staða Auðuns hf. verið með þeim hætti, að skylt hafi verið að gefa félagið upp til skipta.

Í öðru lagi vísar stefnandi um persónulega bótaábyrgð stjórnarmanna til þess, að þeir hafi tekið ákvörðun um að halda skipinu til veiða og valdið stefnanda tjóni með því að skerða þannig aflamark þess. Hið sama gildi um annars konar ráðstafanir, er leitt hafi til skerðingar á aflamarkinu. Með því að þessar ráðstafanir stjórnarmanna hafi verið ólögmetar og saknæmar, falli þær beint undir almennu skaðabótaregluna, og séu stjórnarmennirnir bótaskyldir á þeim grunni. Tiltekur stefnandi sérstaklega í þessu sambandi, að greindar ákvarðanir hafi stjórnarmenn tekið, þrátt fyrir það að þeim hafi í öllu falli mátt vera ljóst, að Auðunn hf. gæti ekki sökum bágrar fjárhagsstöðu sinnar greitt bætur til stefnanda, ef til þess kæmi, að gildi nauðungarsölu á skipinu yrði staðfest af dómstólum.

Um bótaábyrgð stefnda Sigurðar Inga sérstaklega hefur stefnandi haldið því fram, að útgerð vélskipsins Drangavíkur hafi frá 1. september 1994 verið í höndum stefnda, og hafi hann frá þeim tíma gert skipið út fyrir eigin reikning. Eftir greint tímamark hafi nær allur afli skipsins verið fluttur í gámum til útlanda og verðmæti hans verið greitt inn á bankareikning í eigu stefnda hjá Búnaðarbanka Íslands. Söluandvirði aflans hafi þannig runnið beint í vasa stefnda. Þá hafi stefndi tekið á sig persónulegar skuldbindingar gagnvart skipafélögum vegna kostnaðar af flutningi aflans til útlanda. Telur stefnandi ljóst samkvæmt þessu, að stefndi Sigurður Ingi beri persónulega bótaábyrgð gagnvart stefnanda að því marki, sem veiðar skipsins höfðu í för með sér tjón fyrir stefnanda. Verði á þessa málsástæðu fallist, telur stefnandi, að stefndu Jóna Berg og Andrea Inga hafi undir þessum kringumstæðum þurft að aðhafast eitthvað til að firra sig persónulegri bótaábyrgð, þar sem Auðunn hf. hafi á greindum tíma enn verið vörsluadili

skips og veiðiheimilda. Þeim hafi sem stjórnarmönnum í öllu falli verið skylt að hafa afskipti af rekstri félagsins og útgerð Drangavíkur. Þar sem þær hafi ekki rækt þessar skyldur sínar, verði að líta svo á, að þær hafi samþykkt framangreindar ráðstafanir stefnda Sigurðar Inga.

Því er haldið fram að hálfu stefnanda, að stefndu hafi af gáleysi valdið honum því tjóni, sem hér um ræðir. Þeim hafi verið kunnugt um nauðungarsöluna 28. júlí 1994 og mátt vera það ljóst, yrði salan metin gild af dómstólum, að þau væru að valda stefnanda tjóni með því að ganga á eign, sem hann væri með réttu orðinn eigandi að. Hér sé því til að dreifa stórfelldu gáleysi af þeirra hálfu.

IV.

Stefndu reisa sýknukröfu sína aðallega á því, að aflahlutdeild vélskipsins Drangavíkur hafi ekki fylgt skipinu við nauðungarsölu á því 28. júlí 1994, enda hafi stefnandi ekki átt veð í henni. Telja stefndu, að 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða eigi aðeins við, þegar um frjálsa sölu skips er að ræða. Auðunn hf. hafi þannig á þeim tíma, sem hér um ræðir, verið eigandi að aflaheimildum skipsins og í öllu falli haft rétt til að ráðstafa þeim. Þá hafi félagið eitt haft leyfi til að stunda fiskveiðar á skipinu. Stefnandi hafi í ljósi þessa ekki átt neinn þann rétt til aflahlutdeildarinnar, er stofni honum rétt til bóta úr hendi Auðuns hf. eða annarra stefndu vegna hugsanlegrar skerðingar á aflamarki skipsins frá 1. september 1994 og fram að afhendingu þess.

Í greinargerð sinni halda stefndu því fram, líti dómurinn svo á, að aflaheimildir skipsins hafi flust yfir til stefnanda við nauðungarsöluna, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna veiða skipsins frá söluþegi og þar til það var afhent honum, þar sem meiri kvóti hafi verið fluttur á skipið á þessu tímabili en nam veiði þess.

Stefndu, Sigurður Ingi, Jóna Berg og Andrea Inga, hafna því með öllu, að þeim sé skylt, hvað sem öðru líði, að greiða stefnanda þær bætur, sem hann sækir sér til handa með málsókn þessari. Um sök af þeirra hálfu hafi ekki verið að ræða, enda þótt dómari kunní nú að líta þannig á, að aflaheimildir Drangavíkur hafi flust yfir til stefnanda við eigendaskipti á skipinu í tengslum við sölu þess á nauðungaruppbóði. Dómstólar hafi á sínum tíma kveðið á um það, að Auðunn hf. skyldi hafa umráð skipsins, á meðan leyst yrði úr ágreiningi um gildi nauðungarsölnunnar. Einnig hafi sýslumaður hafnað kröfu um, að lögbann yrði lagt við siglingu og veiðum skipsins, og hafi þeirri synjun ekki verið skotið til dómstóla. Þá hafi Fiskistofa hafnað þeirri kröfu stefnanda, að synjað yrði um umsókn Auðuns hf. um flutning á

aflamarki frá Drangavík, og hafi sú ákvörðun Fiskistofu verið staðfest af sjávarútvegsráðuneytinu. Samkvæmt þessu hafi full umráð Auðuns hf. yfir skipinu verið staðfest af stjórnvöldum og dómstólum. Geti þar af leiðandi ekki verið um sök af hálfu stefndu að ræða þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar um gildi nauðungarsölunnar. Ákvæði nauðungarsölulaga geri ráð fyrir tilvikum sem þessu, og eignist hæstbjóðandi ekki bótakröfu, hafi gerðarþoli í höndum endanlegan dómsúrskurð um umráð skipsins.

Í greinargerð stefndu er því haldið fram, að stefndu Jóna Berg og Andrea Inga hafi ekki komið nálægt rekstri Auðuns hf. Því sé hreint fráleitt, að þær beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda á grundvelli sakarreglunnar. Þá geti ekki komið til þess, að bótaskylda verði felld á stjórnarmenn Auðuns hf. á þeim grundvelli, að þeir hafi ekki gefið félagið upp til gjaldþrotaskipta eftir 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991. Beri í því sambandi fyrst að nefna, að stjórnarmenn geti aldrei verið „solidarískt“ ábyrgir á þessum grunni, þar sem það sé ekki á valdi hvers og eins stjórnarmanns að krefjast gjaldþrotaskipta. Í öðru lagi eigi stefnandi enga fjárkröfu á hendur Auðuni hf., og sé fjárkröfum þeim, sem stefnandi hefur tilgreint í þessu sambandi, mótmælt sem röngum og órökstuddum. Í þriðja lagi telur félagið sig eiga verðmæti, er felist í umdeildri aflahlutdeild. Að teknu tilliti til hennar hafi eiginfjárstaða félagsins verið jákvæð á því tímamarki, sem hér skipti máli.

Stefndi Sigurður Ingi mótmælir því, að hann hafi sjálfur verið útgerðaradili Drangavíkur frá 1. september 1994 og þar til skipið var afhent stefnanda í nóvember sama ár. Hið rétta sé, að stefnandi hafi hindrað með öllum tiltækum ráðum, meðal annars með því að hafa uppi hótanir gagnvart forsvarsmönnum löndunarstöðva, að Auðunn hf. gæti landað afla úr skipinu. Til þess að koma í veg fyrir, að tjón hlytist af þessum ólögmetu aðgerðum stefnanda, hafi greiðslur fyrir afla skipsins verið lagðar inn á reikning stefnda, sem jafnóðum hafi fært þær yfir á reikning Auðuns hf. Til þessarar tilhögunar hafi verið gripið í þeim tilgangi að takmarka tjón félagsins vegna aðgerða stefnanda.

V.

Niðurstæða.

1.

Sú ráðstöfun á veiðiheimildum vélskipsins Drangavíkur, sem stefnandi krefst bóta fyrir í máli þessu, lýtur einvörðungu að hluta aflamarks fiskveiðiársins 1994/1995, en það stóð frá 1. september 1994 til 31. ágúst 1995. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1994, ræðst aflamark skips á hverju veiðitímabili að meginstefnu til af

ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla þeirra tegunda sjávardýra, sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á, og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla, svokallaðri aflahlutdeild. Skal aflahlutdeild skips haldast óbreytt milli ára.

Kröfugerð stefnanda er grundvölluð á því, að aflahlutdeild vélskipsins Drangavíkur hafi flust yfir til hans við kaup hans á skipinu á nauðungaruppboði 28. júlí 1994, en boð hans í skipið var samþykkt af sýslumanni röskum hálfum mánuði síðar. Þar sem aflamark skipsins ráðist af aflahlutdeild þess, hafi Auðuni hf. og forsvarsmönnum félagsins verið óheimilt frá sama tíma að skerða aflamarkið með einum eða öðrum hætti.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 er veiðiheimildum úthlutað til einstakra skipa, en ekki til einstaklinga eða lögaðila, sem gera þau út. Þá er það óumdeilt í því máli, sem hér er til úrlausnar, að aflahlutdeild vélskipsins Drangavíkur hafði ekki með framsali verið skilin frá skipinu, þegar nauðungarsala á því fór fram. Stóðu ákvæði laga um stjórn fiskveiða og reglugerða nr. 274/1993 og 405/1994, sem settar voru á grundvelli laganna og giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli, að svo komnu í vegi fyrir því að mati dómsins, að heimild til ráðstöfunar á aflahlutdeild skipsins væri í höndum Auðuns hf.

Í 2. mgr. 11. gr. hinna tilvitnuðu laga er tekið fram, að við eigendaskipti að fiskiskipi fylgi aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað. Er sá skýringarkostur nærtækastur samkvæmt orðanna hljóðan, að ákvæðið taki ekki til eigendaskipta við nauðungarsölu. Í ljósi þess, sem rakið er hér að framan, og að öðru leyti í samræmi við inn-tak þeirra réttinda, er hér um ræðir, verður ákvæðið hins vegar skýrt á þann veg hér, að eignarréttur að aflahlutdeild vélskipsins Drangavíkur hafi í öllu falli við samþykki boðs 15. ágúst 1994 flust yfir til stefnanda málsins, enda náði krafa Auðuns hf. um ógildingu nauðungarsölnunnar ekki fram að ganga.

Eftir að stefnandi var samkvæmt framansögðu orðinn eigandi aflahlutdeildar vélskipsins Drangavíkur, sætti það aflamark, sem skipinu var úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar þess og til varð á eignarhaldstíma stefnanda, nokkurri skerðingu vegna aðgerða Auðuns hf. Léðu opinberir aðilar atbeina sinn til þeirrar ráðstöfunar. Sú skerðing á aflamarki skipsins, sem hér um ræðir, var allt að einu á áhættu og ábyrgð útgerðaraðila þess. Ber að fallast á það með stefnanda, að hann eigi samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. og 6. töluliðar 1. mgr. 28. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, en þessi efnisákvæði laganna voru tekin upp í þá skilmála, sem giltu við uppboðssölu á skipinu, rétt til bóta úr hendi Auðuns hf. vegna tjóns, sem hann sannanlega varð fyrir af þessum sökum.

Ekki er nægilega í ljós leitt, að fjárhagsstaða Auðuns hf. hafi verið með þeim hætti eftir nauðungarsöluna 28. júlí 1994 og fram að afhendingu skipsins til stefnanda, að skylt hafi verið samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta.

Stefndi Sigurður Ingi var formaður stjórnar Auðuns hf. og prókúruhafi. Annaðist hann daglegan rekstur félagsins, sem í samræmi við tilgang þess samkvæmt tilkynningu til Hlutafélagaskrár fólst í útgerð á fiskiskipi. Verður því ekki fullyrt gegn andmælum stefnda, að hann hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, gert skip félagsins út fyrir eigin reikning.

Svo sem þegar hefur verið greint frá, gekk um það úrskurður í héraðsdómi 23. september 1994, að stefnanda skyldu ekki fengin umráð vélskipsins Drangavíkur, VE-555, á meðan mál um gildi nauðungarsölu á skipinu væri ekki til lykta leitt, sbr. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991. Þessi úrskurður fól það í sér, að umráðin voru áfram í höndum uppboðsþola, Auðuns hf. Var þeirri skipan ekki haggð, fyrr en félagið afhenti stefnanda skipið í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands 17. nóvember 1994, en með þeim dómi var nauðungarsalan staðfest og gagnstæður úrskurður héraðsdóms, upp kveðinn 14. október sama ár, felldur úr gildi. Mun uppboðsafsál til stefnanda hafa verið gefið út nokkrum dögum síðar. Þá liggur fyrir í málinu, að 28. september 1994 hafnaði sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum kröfu stefnanda um, að lögbann yrði lagt við siglingu og veiðum skipsins, svo og hvers konar öðrum ráðstöfunum á aflamarki þess fiskveiðiárið 1994/1995, á meðan ágreiningsmál um gildi hinnar umdeildu nauðungarsölu væri óútkljáð fyrir dómstólum. Þeirri synjun sýslumanns skaut stefnandi ekki til héraðsdóms til úrlausnar, en sú leið stóð honum opin samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann og fleira. Þá ber að nefna í þessu sambandi, að veiðar skipsins fram að afhendingu þess til stefnanda studdust við leyfisbréf Fiskistofu til Auðuns hf. 15. ágúst 1994 og flutningur aflamarks frá skipinu á sama tíma heimilaður af stofnuninni. Loks verður ekki fram hjá því litið, að undanfarin ár hefur verið mikil óvissa um eignarréttarlega aðild að veiðiheimildum.

Þegar framangreint er virt, eru að mati dómsins ekki efni til að fella bótaábyrgð á stjórnarmenn persónulega á þeim grunni, sem stefnandi ber fyrir sig. Verða þau því sýknuð af kröfum stefnanda í málinu.

Aðila málsins greinir ekki á um tölulegan grundvöll þess. Verður þannig gert ráð fyrir því við úrlausn málsins, að skerðing á aflamarki vélskipsins Drangavíkur hafi verið í samræmi við það, sem stefnandi heldur fram, og

að leggja megi útreikning í stefnu á verðmæti þess aflamagns til grundvallar við ákvörðun bótafjárhæðar.

Samkvæmt öllu framansögðu skal þrotabú Auðuns hf. greiða stefnanda 9.520.483,50 krónur ásamt dráttarvöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður á milli stefnanda og stefndu Sigurðar Inga, Jónu Berg og Andreu Ingu falli niður. Stefnda þrotabúi Auðuns hf. verður hins vegar gert að greiða stefnanda 300.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Krafa stefnanda um vexti af til-dæmdum málskostnaði á stoð í 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og er eigi þörf á, að kveðið verði sérstaklega á um þetta atriði í dómsorði.

Það athugast, að í stefnu ber talsvert á skriflegum málf lutningi. Er stefn-an að því leyti í andstöðu við e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einka-mála.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómsupp-kvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu Sigurður Ingi Ingólfsson, Jóna Berg Andrésdóttir og And-rea Inga Sigurðardóttir eiga í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnanda, Íslandsbanka hf.

Stefndi þrotabú Auðuns hf. greiði stefnanda 9.520.483,50 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995 til greiðsludags.

Stefndi þrotabú Auðuns hf. greiði stefnanda 300.000 krónur í máls-kostnað. Að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

